

## Fundur í skólaráði Grunnskóla Fjallabyggðar 26. okt. 2018

Mættir: Erla Gunnlaugsdóttir, Ása Björk Stefánsdóttir, Nadía Sól Huldudóttir, Anna Brynja Agnarsdóttir, Björk Óladóttir, Jón Garðar Steingrímsson, Sigríður Salmansdóttir, Gunnlaug Björk Guðbjörnsdóttir, Sigríður Karlsdóttir

Fundagerð: Ása Björk Stefánsdóttir

### Fundarefni:

#### 1. Skipulag funda í vetur

Farið yfir fundaskipulag vetrarins. Skólastjóri lagði fram ósk fulltrúa foreldra um að hafa fund eftir kl. 16:00. Ákveðið að hefja fundi kl. 8:10 á föstudögum þar sem allir þurfa á einhvern hátt að taka tíma frá vinnu og fulltrúar nemenda geta einungis mætt á skólatíma.

#### Skipulag funda í Skólaráði veturinn 2018-2019

26. október kl. 8:25 í Ólafsfirði  
30. nóvember kl. 8:10 á Siglufirði  
18. janúar kl. 8:10 í Ólafsfirði  
22. febrúar kl. 8:10 á Siglufirði  
29. mars kl. 8:10 í Ólafsfirði  
26. apríl kl. 8:10 á Siglufirði

#### 2. Ársskýrsla GF 2017 – 2018

Ársskýrsla er að finna á heimasíðu skólans. Stór hluti innihalds ársskýrslu kemur einnig fram í starfsáætlun. Lagt til og samþykkt að útfæra Ársskýrslu sem inniheldur samantekt skólaársins í styttra máli og inniheldur helstu upplýsingar.

#### 3. Starfsáætlun skólaársins

Farið yfir innhald starfsáætlunar skólans og þær breytingar sem gerðar hafa verið á henni.

Rætt um þróunarstarf og áherslur í skólastarfi. Skólastjóri gerði grein fyrir fundi sem haldinn var með ráðgjafafyrirtækinu Tröppu þar sem grunnur var lagður að samstarfi varðandi áframhaldandi þróun og uppbyggingu skólastarfsins. Skólastjóri leggur áherslu á stefnumótunarvinnu með fulltrúum úr samfélaginu. Bent á mikilvægi þess að fara vel yfir ramma fyrir ráðgjafa til að vinna eftir.

Rætt um vinnu sjálfsmats- og umbótateymis skólans. Hefur verið unnið síðustu tvö ár út frá ákveðnu formi og matsramma. Á dagskrá er að skoða áhættumatid og vinna áfram að umbótum og skerpa á því sem hefur áunnist til að gera góða hluti betri og staðna ekki.

Símareglur skólans ræddar. Nemendaráð kom fram með hugmynd um símalausa fimmtudaga sem hefur fengið ágætar undirtektir. Símanotkun í rútu hefur ekki verið vandamál.

Endurmenntun starfsfólks rædd. Bent á að nokkuð hafi borið á því á síðasta ári að starfsmenn hafi ekki nýtt sér alla þá endurmenntun sem í boði var eða hvati til starfsmanna ekki nægjanlegur. Skólastjórnendur tóku fram að þeir finna jákvæðar breytingar hvað þetta varðar og kennarar og annað starfsfólk viljugri til að sækja sér endurmenntun. Horft verður til þess að kennarar þurfi að læra á þau tæki og tól sem til eru og hvetja fólk til að sækja sér þekkingu til að geta nýtt hluti sem best. Hugmynd um fyrirlagningu raunfærnimats fyrir stuðningsfulltrúa og skólaliða. Ákveðið að skoða það mál með jákvæðum huga. Skólastjóri sagði frá því að stuðningfulltrúar væru hvattir til að bæta við menntun sína og m.a. færu á námskeið á Akureyri fljótlega til að styrkja sig.

Farið yfir skipan skólaráðs. Bent á að varafulltrúi sé á bak við alla aðila í ráðinu nema foreldra. Fulltrúar foreldra töldu ekki ástæðu til þess að skipa varamann. Hins vegar rætt um að alltaf sé nýr fulltrúi foreldra á hverju ári upp á endurnýjun.

#### **4. Persónuverndargögn**

##### **a. Þagnarskylda foreldra**

Skólastjóri ræddi um að ekki hefði verið eining um undirskrift forráðamanna um þagnarskyldu foreldra þegar skrifa átti undir slíkt skjal í foreldraviðtölum. Allt það sem kom frá skólanum hafi verið unnið eftir gögnum, sem Skólastjórafélag Íslands hefur safnað að sér og deilt með skólum til að auðvelda vinnu eyðublaðanna, sem síðan hafa fengið samþykki persónuverndarfulltrúa sveitafélagsins. Ef forráðamaður skrifar ekki undir og vísar til þess að þetta standist ekki lög stendur skólafólk berskjaldað þar sem skóli telur sig vinna eftir fyrirmælum yfirvalda.

Vinnulag hefur mikið breyst innan skólans í kjölfar þessara nýju laga. M.a. nefndi skólastjóri vinnulag varðandi skráningu atvika nemenda sem áður var skráð í Mentor – nú þurfi að hringja í foreldra í meira mæli og prenta út allt sem viðkemur nemenda og setja í persónumöppu.

Mikil umræða í samfélaginu um oftúlkun skólanna og fulltrúar Samband íslenskra sveitafélaga og Skólastjórafélag Íslands eru m.a. að fjalla um þessi mál og reyna að finna lendingu.

##### **b. Þagnarskylda almennra gesta**

Búið að útbúa bréf til undirskriftar fyrir fólk sem kemur inn í skólann til t.d vinnu eða dvelja tímabundið í skóla meðan kennsla er. Þetta eyðublað er samþykkt af persónuverndarfulltrúa. Verður skoðað í ljósi þróunar umræðunnar.

##### **c. Samþykki fyrir myndatökum í skólanum**

Umræða um það hvort foreldrar og forráðamenn séu að brjóta lög taki þeir myndir af viðbuðrum og birti á opinberum vettvangi. Hvað má ganga langt? Skólinn þarf að leggjast í rannsóknarvinnu varðandi hvað megi og hvað ekki í þessum efnum. Skólayfirvöld geta haft áhrif á það sem gerist innan skólans en ekki skipt sér af því sem foreldrar gera fyrir utan skólann.

Ákveðið að fresta umræðu til næsta fundar þar sem beðið er eftir niðurstöðu varðandi túlku persónuverndalaga

Fleira ekki rætt og fundi slitið.

Ása Björk Stefánsdóttir